

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 277/2004 frá 17. febrúar 2004 um leyfi án tímamarka fyrir aukefni í fóðri ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2004 frá 17. febrúar 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB frá 1. mars 2004 um samþykkt skráar yfir efni sem bannað er að setja í dreifingu eða nota sem fóður ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 490/2004 frá 16. mars 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*Saccharomyces cerevisiae*) ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Með ákvörðun 2004/217/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 14a (tilskipun ráðsins 96/25/EB):

„14b. **32004 D 0217**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB frá 1. mars 2004 um samþykkt skráar yfir efni sem bannað er að setja í dreifingu eða nota sem fóður (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 79, 17.3.2004, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. EBL 281, 9.10.1991, bls. 23.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2154/2003):
- „1zk. **32004 R 0277**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 277/2004 frá 17. febrúar 2004 um leyfi án tímamarka fyrir aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 20).
- 1zl. **32004 R 0278**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2004 frá 17. febrúar 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 22).
- 1zm. **32004 R 0490**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 490/2004 frá 16. mars 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*Saccharomyces cerevisiae*) (Stjtið. ESB L 79, 17.3.2004, bls. 23).“
3. Texti 6. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 277/2004, 278/2004 og 490/2004 og ákvörðunar 2004/217/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.